

## **Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Bikarkeppni kvenna–**

**Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:**

32.2.4:

Greinin hljóðar svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 8 liða úrslitum og skal mótanefnd ákveða hvaða lið fara beint inn í aðalkeppnina. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

Greinin hljóði svo:

“Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið sem ekki keppa í úrvaldsdeild kenna og keppni hagað þannig að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í Pepsi-deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.”

**Greinargerð:**

Samkvæmt framkvæmd núgildandi ákvæðis hafa lið í Pepsi-deild kvenna komið á ólíkum tímum inn í bikarkeppnina, þ.e. efstu fjögur lið Pepsi-deildar árið á undan hafa komið til leiks í 8 liða úrslitum en öll önnur lið tekið þátt frá upphafi. Í þéttspilaðri Pepsi-deild hefur þetta mismikla leikjaálag haft í för með sér verulega mismunun gagnvart öðrum félögum en þeim efstu fjórum sem getur komið niður á bæði árangri í deildar- og bikarkeppni. Núverandi fyrirkomulag er þannig til þess fallið að festa í sessi fjögurra liða “elítu” sem erfitt er að brjóta upp. Í bikarkeppni mfl. karla koma öll lið í efstu deild inn í keppnina á sama tíma og er lagt til að hér verði sami háttur hafður á.